

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík frá hausti 1972 eða svo fljótt sem við verður komið. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

2. gr.

Stjórn skólans annast fimm manna skólanefnd. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Hinir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þessara aðila: borgarstjórnar Reykjavíkur, Hjúkrunarfélags Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og nemenda skólans.

Skólastjóri hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum skólanefndar.

Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára, nema fulltrúi nemenda til árs í senn.

3. gr.

Um þennan skóla skulu gilda, eftir því sem við á, lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um skólann.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1972.

Ólafur Jóhannesson. Eysteinn Jónsson. Logi Einarsson.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

Nr. 82.

8. júní 1972.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 8. júní 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediksson.